

Nd.

400. Nefndarállit

nm frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv., og þó að hún sje algerlega andvig því, að prestaköllum verði fjölgað, þá getur hún, eftir því sem hjer stendur á, fallist á, að þetta prestakall verði stofnað. En jafnframt gerir nefndin ráð fyrir, að ákvæði 2. gr. frv. komi til framkvæmda, um að Þingvallaprestakall verði lagt niður sem sjerstakt prestakall. En jafnframt og það er gert verður að gera ráðstöfun um, hvaða prestur skuli þjóna Úlfjótsvatnssókn, og að því lýtur breytingartillaga sú, er nefndin flytur. Nefndin leggur því til, að frv. sje samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. bætist:

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbælisprestakalli, skal og prestinum þar skylt að aunast, ef til kemur, prestsþjónustu í Úlfjótsvatnssókn. En verði Þingvallaprestakall lagt niður áður, skal leita samninga við núverandi Arnarbælisprest, eða annan nágrannaprest, um að taka að sjer prestsþjónustu í Úlfjótsvatnssókn fyrir hæfilega þóknun.

Alþingi, 20. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson,
form. og frsm.

Jón Guðnason,
fundaskrif., með fyrirvara.

Jón Kjartansson,
með fyrirvara.

Hjediinn Valdimarsson.

Árni Jónsson.